



ORKUSTOFNUN

## Grýta í Öngulsstaðahreppi: Hitamælingar í jarðvegi

Ólafur G. Flóvenz

Greinargerð ÓGF-80/02

GRÝTA í ÖNGULSTAÐAHREPPI: HITAMÆLINGAR í JARÐVEGI

í byrjun ágúst 1979 voru gerðar hitamælingar í jarðvegi við Grýtu í Öngulstaðahreppi. Tilgangur mælinganna var að afla upplýsinga um hugsanlegt rennsli heits vatns undir lausum jarðlögum á svæðinu.

í skýrslu Orkustofnunar, Reykir í Fnjóskadal, Jarðeðlisfræðileg forathugun svæðisins (OS 80009/JHD05) er hitamælingum í jarðvegi gerð nokkur skil. Þar er talið að túnka megi hitafrávik í jarðvegi sem vott um aukið varmastreymi neðan frá ef það er a.m.k.  $1^{\circ}\text{C}$  hærra en 90% af meðalhita undanfarandi 5 vikna. Einnig er talið best að mæla að sumri, þó ekki fyrr en mánuði eftir að frost er úr jörðu.

Af framansögðu er ljóst að mælingarnar að Grýtu fóru fram á ákjósanlegasta tíma. Meðalhiti undanfarna 5 vikna á Akureyri var rétt undir  $9^{\circ}\text{C}$ . Því má búast við að eðlilegt hitastig í jarðvegi sé  $7-8^{\circ}\text{C}$  í ágústbyrjun 1979 og hitastig yfir  $9^{\circ}\text{C}$  sé marktækt frávik.

Á meðfylgjandi mynd eru niðurstöður mælinganna sýndar sem kort af jarðvegshita á 0,5 m dýpi við Grýtu. Þar kemur fram hitafrávik með NV-SA stefnu þar sem hitastigið er yfir  $8^{\circ}\text{C}$ . Á nokkrum stöðum innan fráviksins er hitastig yfir  $9^{\circ}\text{C}$  og yfir  $10^{\circ}\text{C}$  í örfáum mælipunktum. Hitafrávik þetta er svo lítið að það er á mörkum þess að geta talist vísbending um aukið varmastreymi neðan frá. Hitamæligildin eru að vísu ekki óreglulega dreifð um  $8^{\circ}\text{C}$  heldur raða sér upp á samræmdan hátt eins og myndin sýnir. Bendir það til þess að frávikið sé marktækt. A móti kemur að þrjár mælilínanna voru endurmældar í lok september, sem er raunar óhentugur mælitími af veðurfarsástæðum, en gáfu þá ekki marktæk hitafrávik.

Mæliniðurstöður þessar vekja því grun um að jarðhitinn á Grýtu sé annað hvort tengdur NV-SA línu eða hann sé afrennsli frá hulinni uppstreymisrás einhvers staðar í hlíðinni ofan bæjarhúsanna á Grýtu.

Rétt er að benda á að hitastigið vestan borplansins er aðeins um  $6^{\circ}\text{C}$ . Astæðan er að jarðvegur er þarna mjög rakur sem veldur því að hitasveiflur vegna lofthitabreytinga dempast mjög örт með dýpt.

Þó voru gerðar sjálfspennumælingar samtímis, en þær leiddu ekki í ljós nein marktæk sjálfspennufrávik.

79.12.06 OGEE/AA Hítan. Eypfj. F 18914

EYJAFJÖRDUR  
GRÝTA í ÖNGÜLSTADAHREPPU  
Hítastig í jarðvegi í °C  
Mæli á 0,5m dýpi í bryjun ágúst 1979

Mæðlithi undanfarandi  
mánið á Akureyri  
april 0,2°C  
mai -0,3°C  
juni 9,1°C  
juli 8,7°C

0 40 80 100 m

